

1872.

4. maí.

Skaganum við innsiglinguna á Faxaflóann, fyrir árin 1867—70, — en á þessum árum hefir eigi verið tekið til fjár þessa, og er nú alls orðið 20 rd.; hafið þér lagt til, að nú megi borga fê þetta til þess, sem ætlað er.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir, að 20 rd. verði varið til þess að gjöra að vörðunni, með því skilyrði, að reikningsskil verði gjörð fyrir þeim, og skal því við bætt, að vèr í dag höfum boðið landfógeta, að borga sýslumanni Clausen tæða upphæð úr jarðabókarsjóði Íslands.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um gjald á brennivíni.

4. maí.

Fyrir dómsmálastjórninni hefir verið borin upp fyrirspurn, hvort lausakaupmenn, sem verzla við Ísland, hafi heimild til, þegar tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., sè komin í gildi 1. dag júlím. þ. á., að selja brennivín það, sem þeir hafa flutt til Íslands fyrir nefndan dag, en hafa enn óselt í skipum sínum, án þess þeir greiði nokkurt gjald, og enn fremur, ef þetta sè leyfilegt, hvort það þá gildi bæði á þeim verzlunarstað, þar sem þeir hafa skilað tollskránni, og sömuleiðis á öðrum verzlunarstöðum, sem þeir sigla til síðan; útaf þessu hefir stjórnarráðið tilkynnt þeim, sem hlut eiga að máli, að eptir því, sem ástatt er, virtist ekki eiga að heimta gjaldið í þessum tilfellum.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður, herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það lögreglustjórum í því amti, sem þér eruð skipaður yfir, og skal því við bætt, að sá lögreglustjóri, sem tekið hefir við tollskránni, er skyldur til, ef þess verður krafizt, að veita hlutaðeiganda lausakaupmanni

1872.

4. maí.

þá er hann kann að vilja sigla til annars verzlunarstaðar, þaðan sem hann sýndi fyrst skipskjöl sín og sagði til farms, skriflegt vottorð um, að brennivín það, sem hann hefir á skipi, sè flutt út til Íslands fyrir 1. dag júlím. þ. á.

4. maí.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þingstað í Kverkárhelli.

Með bréfi, dagsettu 23. febr. þ. á., hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskjal nokkurt með álitu hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem hreppstjórnir í Vestur-Eyjafjallahrepp samkvæmt ósk margra hreppsbúa sækja um, að hafa megi þingstaðinn í hinum svo nefnda Kverkárhelli í Seljalandsmúla, í stað þess að byggt verði þinghús á jörðunni Hvammi, einsog ákveðið var í bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. marz 1869¹, sem leyfði að skipta Eyjafjallahrepp í tvo hreppa; hafð þér getið þess, að Kverkárhelli liggi eins vel við fyrir hreppsbúa, og Hvammur, og að ætla megi, að úr hellinum verði gjörður þingstaður með langtum minni kostnaði, og hafð þér því lagt það til, að það leyfist, sem sókt er um, með því skilyrði, að hellirinn með umsjón sýslumanns og á kostnað hreppsins verði gjörður að þokkalegu og rúmgóðu þinghúsi, með því að þilja hann og búa til á honum glugga, o. s. frv.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið veitir leyfi það, sem sókt er um.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 605.